



Landsnet hf.
Guðmundur Ingi Ásmundsson
Krókhálsi 5C
110 Reykjavík

Reykjavík, 01. ágúst 2006
Tilvísun: 2006070017
Bréfalykill: 10.5
Verknúmer: 1187030

Efni: Umsögn Orkustofnunar um samning Landsnets hf. við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja vegna stækkunar Norðuráls.

Orkustofnun hefur borist erindi Landsnets hf., dags. 21. júlí 2006, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreindan samning. Í erindinu kemur fram að samningurinn sé viðbót við áður gerðan samning um áfanga 3 hjá Norðuráli og nái til áfanga 4 og 5. Viðbótin nemi alls 1.217 GWh á ári. Tekið er fram að samningurinn sé viðauki við fyrri samning og þess vegna sé samningsformið óbreytt.

Eins og fram kemur í bréfi Orkustofnunar til Landsnets hf. frá 4. júlí s.l. lítur Orkustofnun svo á, að til að flutningsfyrirtækið, Landsnet hf., geti uppfyllt skyldur sínar skv. raforkulögum og til að tilgangur laganna um markaðsvæðingu geti náðst, verði Landsnet hf. að vera í beinu samningssambandi við viðskiptavini fyrirtækisins, dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir. Landsnet hf. geti hins vegar ákveðið að fela öðrum aðilum, þ.m.t. orkusölum að annast í sínu umboði samskipti við einstaka viðskiptamenn. Samningssambandið verði engu að síður að vera á milli Landsnets hf. og viðskiptavina þess til að tryggja að flutningsfyrirtækið geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum með beinum aðgangi að þeim.

Þar sem sá samningur sem nú er til umfjöllunar er viðauki við eldri samning gerir Orkustofnun ekki athugasemd við að samningsaðili Landsnets hf. sé ekki stórnotandinn, heldur orkusalar, en leggur áherslu á að um undantekningartilvik sé að ræða. Að öðru leyti telur stofnunin ekki vera meinbugi á samningnum.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir